

Samráðsfundur

Dags: 31. okt. 2008, kl. 11:30

Aðili: Íslenskir fjallaleiðsögumenn (og Íslandsflakkarar)

Fulltrúar: Einar Torfi Finnsson og Ingibjörg Guðrún Guðjónsdóttir

Tengiliðir: inga@icelandrovers.is

Viðstaddir stjórnarmenn: Svanfríður Jónasdóttir, formaður, Anna Sverrisdóttir, Kristín Huld Sigurðardóttir, Helga Barðadóttir (Iðnaðarráðuneytinu), Steinunn Fjóla Sigurðardóttir (umhverfisráðuneytið) og Tómas Þór Tómasson, starfsmaður Verkefnisstjórnar, sem skrifaði fundargerð.

1. Koma bæði úr ferðapjónustunni þar sem verið hefur „ævintýrlegur vöxtur“ síðustu ár. Þeirra fyrirtæki veltir um 450 millj. Kr. og eru með 18 starfsmenn. Þau telja að „litið hafi verið niður a“ þessa atvinnugrein síðustu ár og hún oft ekki tekin alvarlega. Til marks um það hafa mjög litlir fjármunir verið settir í uppbyggingu greinarinnar, t.d. í aðstöðu á ferðamannastöðum. Hins engar skapaði greinin gríðarlegar gjaldeyristekjur og væri mjög atvinnuskapandi.
2. Þau gagnrýndu þá aðferðafræði sem hefði verið viðhöfð við rammaáætlun, sérstaklega að setja staði9 í einfalda töluröð. „Er eitthvað vit í því að setja einn stað í 1. Sæti og þá yrði næsti staður að fara neðar á listann? Ef maður setur t.d. Torfajökulsvæðið númer eitt er þá t.d. Jökulsárgljúfur minna virði?“ Vildu að verkefnisstjórn hefði þetta í huga við matsferlið.
3. Lögðu fram lista yfir helstu staði og svæði sem þeirra starfsemi tæki næði til þótt þau skipulegðu ferðir svo að segja um allt land. Listinn er hér á eftir og þau lögðu sérstaka áherslu á svæði a-d („þó þau séu reyndar öll mikilvæg“).
 - a. Reykjanes („miklir framtíðarmöguleikar“)
 - b. Hengill
 - c. Suðurhálandið frá Heklu til Skaftafells, þ.á.m. allt Torfajökulssvæðið og allt hálandið austan Skaftár.
 - d. Hálandið norðan Vatnajökuls að Mývatni
 - e) Nærsvæði Reykjavíkur
 - f. Esja
 - g. Þingvellir
 - h. Hvalfjörður
 - i. Hálandið austan Vatnajökuls frá Snæfelli í Hornafjörð
 - j. Mývatn og Jökulsárgljúfur
 - k. Kerlingarfjöll
 - l. Hveravellir
 - m. Vestfirðir, einkum Ísafjarðardjúp, Suðurfirðirnir, Arnarfjörður og Látrabjarg.
 - n. Snæfellsnes
 - o. Uppsveitir Borgarfjarðar og Kaldidalur.